

Breyting á aðalskipulagi - lýsing

Umsögn Vegagerðarinnar



Móttakandi:

Sveitarfélag:	Langanesbyggð
	Langanesvegur 2
	680 Þórshöfn

Breyting á aðalskipulagi, lýsing:

Nafn skipulags:	Staðarárvirkjun í Bakkafirði
Hönnuður:	Verkís
Dags. gagna:	30.5.2025
Málsnúmer á skipulagsgátt:	736/2025

Síða 1/2

Vegagerðin hefur yfirfarið ofangreint efni með hliðsjón af hlutverki stofnunarinnar.

Vegir sem skipulagið hefur áhrif á:

Nafn vegar:	Norðausturvegur
Númer-kafl:	85-33
Vegflokkur:	Stofnvegur
Vegtegund:	C8
Breidd veghelgunarsvæðis *	30 m
Lágmarksfjarlægð á milli vegamóta:**	400 m

*mælt til hvorrar handar frá miðlínu vegar.

**sjá Veghönnunarreglur.

Vegagerðin hefur yfirfarið ofangreint efni með hliðsjón af hlutverki stofnunarinnar og óskar eftir að fá skipulagið til umsagnar á öllum stigum. Vegagerðin óskar eftir góðu samstarfi við vinnslu skipulagsáætlunarinnar hvað varðar þætti er snúa að vegum, umferð, umferðaröryggi, námum og öðrum þáttum er gætu varðað starfsemi stofnunarinnar.

Vegagerðin vekur athygli á leiðbeiningunum „Vegir og skipulag“ sem ætlað er að stuðla að skilvirku samráðsferli við skipulagsvinnu þannig að tekið sé nægilegt tillit til samgöngumannvirkja á ábyrgð Vegagerðarinnar. Sjá heimasíðu Vegagerðarinnar.

Vegagerðin bendir á ákvæði VI. kafla vegalaga nr. 80/2007 varðandi skipulag og veghelgunarsvæði og þá sér í lagi að ákveða skal legu þjóðvega í skipulagi að fenginni tillögu Vegagerðarinnar að höfðu samráði Vegagerðarinnar og skipulagsyfirvalda

Vegagerðin
Suðurhrauni 3
210 Garðabæ
+354 522 1000
SNI-2303-1

Allar tengingar við þjóðvegi eru háðar samþykki Vegagerðarinnar skv. vegalögum. Nauðsynlegt er að heimild Vegagerðarinnar liggi fyrir áður en tengingar eru færðar inn á skipulagstillögu.

Tengingar við þjóðvegi sem eru sýndar óljóst á aðalskipulagi, hvort sem um er að ræða á gildandi aðalskipulagi eða við meðferð þess og hafa ekki hlotið samþykki Vegagerðarinnar þarfnast viðeigandi samráðs við Vegagerðina.

Sé fyrirhugað að breyta landnotkun á reit sem þegar er tengdur þjóðvegakerfi þannig að umferð um hann breytist á einhvern hátt þarf að gera grein fyrir breytingunni þannig að Vegagerðinni sé unnt að taka afstöðu til áhrifa breytinganna á þjóðvegakerfið. Þó ekki þurfi að sýna tengingar við landnotkunarreiti meðfram þjóðvegum þarf að tryggja að mögulegt sé að koma fyrir góðri tengingu við þjóðveg þannig að ákvæði Veghönnunarreglna séu uppfyllt. Að öðrum kosti getur Vegagerðin ekki tryggt að mögulegt sé að tengja starfsemi á fyrirhuguðum landnotkunarreit við þjóðvegakerfið.

Síða 2/2

Óskað er eftir samráði vegna efnistökusvæða þar sem hagsmunir geta bæði farið saman og stangast á.

Vegagerðin óskar eftir því að fá skipulagið til umsagnar á öllum stigum skipulagsferils.

Vegagerðin

Virðingarfyllt
f.h. Vegagerðarinnar
Magnús Björnsson